

Ed.

62. Nefndarálit

um frumvarp til laga um einkarjett til verslunar með smjör og tólg (þingskj. 24).

Frá meiri hluta bjargráðanefndar.

Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að frumvarp þetta geti orðið til nokkurra bóta, einkum ef hámarksverð smjörsins er hækkað og hvötin með því aukin til vaxandi smjörframleiðslu. Með smjörverði því, sem ráð er fyrir gert í frumvarpinu, verður verðhækkun smjörs frá því, er var fyrir striðið, nokkru meiri en verðhækkun á kindakjöti, og ætti það að vera hvöt fyrir bændur til að hverfa frá dilkakjötsframleiðslu til fráfærna, þar sem ekki munar miklu um, hvort borgar sig betur. Og sú hvöt hlýtur að verða því sterkari, því hærra sem smjörverðsmarkið er sett. Að yfirráð landsstjórnarinnar á smjörversluninni ættu að geta orðið til þess að greiða götuna milli framleiðenda og neytenda, virðist oss líka rjett, og eins hitt, að þau ættu að geta girt fyrir óheppileg braskaraafskifti af henni; en til að tryggja það, muni þó vera rjettara að breyta niðurlagsatriði 4. gr., og eins að setja inn ákvæði um brot gegn fyrirmælum frumvarpsins. Að þessu athuguðu leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Við 2. gr.
 - a. Fyrir orðin: »Í hverri sveit skal skipaður« (í upphafi greinarinnar) komi:
Í hverjum hreppi skal skipaður.
 - b. Fyrir orðið: »sveitarmenn« komi:
hreppsþúar (á tveimur stöðum).
2. Við 3. gr.

Fyrir orðin: »launaður með 1% af verði smjör þess, er hann metur« komi:
launaður með 5 au. af hverju kg. smjör þess, er hann metur.
3. Við 4. gr.
 - a. Fyrir: »Hámarksverð á smjöri skal í innkaupum vera: A. kr. 4,50 og B. kr. 4,00 hvert kg.« komi:
Hámarksverð á smjöri skal í innkaupum vera: A. kr. 5,00 og B. kr. 4,50 hvert kg.
 - b. Fyrir niðurlagsatriði sömu greinar: »Smjör og tólg, er framleiðandi selur milliliðalaust til neytanda, er undanþegið hámarksverði« komi:
Smjör og tólg, er framleiðandi selur milliliðalaust til neytanda, hlítir sama hámarksverði og smjör og tólg, er landsverslunin selur.
4. Á eftir 4. gr. komi ný gr., er verði 5. gr., svo hljóðandi:
Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 10–500 kr., og fer um mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.
5. 5. gr. verður
6. gr.
Fyrir einstökum atriðum verður gerð nánari grein í framsögu málsins.

Alþingi, 1. maí 1918.

Guðjón Guðlaugsson,
formaður.

Sigurjón Friðjónsson,
skrifari og framsögumaður.

M. J. Kristjánsson.